

1871.

14. júlí.

að Benidikt Jónasson sè sveitlægur í tæðum hreppi, og lagt það til, að úrskurður amtsins standi óraskaður.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér auglýsið það, að stjórnarráðið fellst á uppástungu þessa.

19. júlí.

70. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnarinnar, um styrk til að læra ostatilbúning.

Dómsmálastjórnin mælist til, að fjárhagsstjórnin láti borga sem útgjald fyrir jarðabókarsjóð Íslands úr aðalféhirzlunni hér í borginni til assistents í hinni íslenzku stjórnardeild, cand. juris Julius Havsteens, 40 rd., sem eru veittir Kristjönu Guðnýju Sigurðardóttur frá Íslandi, til þess að taka kennslu í ostatilbúningi, á meðan hún dvelst hér um stundar sakir.

24. júlí.

71. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um gjald fyrir leiðarbréf handa spánversku skipi.

Í desembrm. f. á. var í Reykjavík tekið íslenzkt leiðarbréf handa spanska gufuskipinu *Norte*, sem skipstjórnarmaður *Zavola* frá *Bilbao* ræður fyrir, og sýndi erindsreki skipsins, er hann beiddist leiðarbréfsins, spanskt mælingarbréf, sem var gefið út í *Bilbao*, en samkvæmt því var skipið að rúmmáli 283 spanskar

Með því nú ofanefndur Benidikt Jónasson hefir bæði beinlinis og óbeinlinis þegið verulegan sveitarstyrk ámeðan hann dvaldi í Öngulstaðahrepp, getur hann ekki með 10 ára veru sinni þar áunnið sèr framfærslurétt, og úrskurðast hann því, samkvæmt reglugjörð 8. janúar 1834, 6. gr., með hyski sinu sveitlægur í Hálshrepp í Þingeyjarsýslu.

1871.

24. júlí.

tonnelades, og voru þess vegna borgaðir 283 rd. fyrir leiðarbréfið. Þegar verið var að afgreiða skipið til burtfarar, sýndi skipstjórnarmaður enskt mælingarbréf, gefið út 2. ágústm. 1869 í *Sunderland*, en eftir því var rúmmál skipsins aðeins 245,21 *registertons*, og heimtaði hann samkvæmt þessu að fá borgaða aptur 38 rd. Stiftamtíð skaut þá málinu til úrslita dómsmálastjórnarinnar, en með því búið var að telja upphæðina með tekjum ríkissjóðsins, og það varð að lenda á honum, ef nokkuð yrði borgað aptur af gjaldinu, sendi dómsmálastjórnin fjárhagsstjórninni málið, og hefir hún nú mælt til, að ráðstafanir verði gjörðar til þess, að tæðir 38 rd. verði borgaðir hlutaðeiganda aptur.

Útaf þessu mælumst vèr til, að utanríkisstjórnin vili gjöra svo vel, að sjá um, að hlutaðeigandi fái aptur þetta fè, sem vèr höfum í dag hlutast til um, að verði borgað úr aðalféhirzlu ríkisins hér í bænum.

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um gjald fyrir leiðarbréf handa skipi.

24. júlí.

Eftir að dómsmálastjórnin hafði sent fjárhagsstjórninni til úrslita bænarskrá nokkra, sem hingað hafði borizt með bréfi amtsins, dagsettu 24. febr. þ. á., — en þar hefir kaupmaður C. D. Túliníus á Eskifirði sókt um, að 19 rd., sem hann þykist hafa borgað um of í gjald fyrir leiðarbréf handa skipinu *Otto* sumarið 1869, verði borgaðir sèr aptur, — hefir fjárhagsstjórnin í bréfi 10. þ. m. skýrt frá, að hún eftir atvikum leyfi, að upphæðin verði borgan aptur, einsog sókt var um.

Um leið og vèr gefum yður þetta til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þèr birtið það hlutaðeiganda, skal því við bætt, að vèr höfum í dag skrifað landfógetanum á Íslandi það, sem þarf, til þess að fèð verði borgað úr jarðabókarsjóðnum.